


# MÁLÆKTAR- OG LÆSISÁÆTLUN

## MÁNALANDS 2023-24



Í lögum um leikskóla segir : “Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta” (Lög um leikskóla nr.90/2008). Hér á Mánalandi eru börnin í brennidepli og leggjum við sérstaka áherslu á málrækt og með því undirbúum við þau fyrir lestrarnám. Við hlúum að einstaklingnum sem félagslegu fyrirbæri og teljum að lykill að vellíðan þeirra liggir í fjölbreytni nálgun í málrækt og samskiptum, sérstaklega við þau börn sem hafa fleira mál en íslensku að móðurmáli.

Leikskólinn Mánaland – Vík í Mýrdal  
Mánabraut 3 - 5, Vík 870  
487 - 1241  
manaland@manaland.is



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Markmið: .....	2
Áhersla og leiðir:.....	2
Samskipti: .....	3
Jákvæð samskipti almennt –.....	3
Samskipti sérstaklega við börn - .....	3
Vináttuverkefnið Blær –.....	3
Grunnpættir í bernskulæsi: .....	4
Máni 15 mánaða til 3 ára.....	4
Stjarna 3ja til 5 ára.....	6
Væntanleg deild 5-6 ára barna (nú er forskóli í umsjón Víkurskóla).....	7
Orðaflokkar skólaárið 2023– 2024 .....	9
Fræðsla og símenntun til starfsmanna:.....	10
Skipulagsdagar.....	10
Móðurmál, foreldrasamstarf og virkt tvítyngi.....	11

## Inngangur

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta og er mikilvægur þáttur í menningu þjóða og þjóðarbrotta. Því ber að leggja áherslu á málrækt. Á Mánalandi leggjum við ríka áherslu á máltöku með sérstöku tilliti til barna og fjölskyldna með annað mál en íslensku. Við leggjum áherslu á máltöku íslensku bæði sem móðurmál og annað mál. Okkar hlutverk er að styðja við foreldra með annað mál en íslensku og hvetja til málörvunar barna á móðurmáli; m.a. með fræðslu, hagnýtum upplýsingum um málörvun og fjöltyngi, einnig gegnum virkt samstarf milli heimilis og skóla. Unnið er markvisst að því að auka hlustun, orðaforða, málskilning, frásagnarhæfni, hljóðvitund og þróun ritmáls. Málörvun á að vera efst í huga hjá starfsfólki í öllu sem við gerum og hvert tækifæri notað til að rækta íslensku í gegnum leik, söng, samskipti, og í öllum mögulegum aðstæðum þar sem barn og fullorðnir eru saman.

Læsi er oftast skilgreint í tengslum við færni sem fólk þarfnast til þess að geta lesið og yfirfært hugsanir sínar í ritmál. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi skilgreint í viðum skilningi, „*læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt*“ (Aðalnámskrá, 2011, bls. 42). Hér á Mánalandi er lögð áhersla á að efla mikilvægan grunn til að þroska börn og undirbúa þau fyrir lestrarnám. Hugtakið bernskulæsi (emergent literacy) er skilgreint sem ákveðin færni, þekking og viðhorf og þróast sem undanfari læsis. Það vísar til lestrarhegðunar barns á leikskólaaldri áður en formleg lestrarkennsla hefst í grunnskóla. Hugmyndin felst í því að ung börn byggi upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu og ekki síst í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn. Hugtökin endurspeglar best þær starfsaðferðir sem við vinnum með á Mánalandi.

### Markmið:

- Að markvisst sé unnið frá upphafi leikskóla að efla áhuga barna á tungumáli og samskiptum.
- Að samskipti milli fullorðinna og barna stuðli að vellíðan, félagsþroska og máltöku.
- Að umhverfi skólans bjóði upp á fjölbreytt og margvísleg tækifæri barna til að umgangast tungumál.
- Að unnið sé markvisst við að rækta orðaforða og málskilning barnanna á fjölbreyttan hátt.
- Að barnabækur séu sýnilegar, aðgengilegar og lesið sé daglega.
- Að starfsmenn Mánalands noti dagleg samskipti í að efla og styrkja orðaforða, málskilning og frásagnarhæfni barna.
- Að starfsmenn Mánalands séu sífellt að bæta þekkingu sína um málrækt og læsi með það að leiðarljósi að skapa nýjar leiðir í leik og kennsluáðferðum.
- Að markvisst sé unnið að því að stuðla að máltöku íslenskunnar sem annað mál í leik og með virkri þátttöku tvítyngdra barna og starfsmanna í leikskólalastarfinu.
- Að foreldrum, starfsmönnum og börnum með annað mál en íslensku sé mætt af virðingu og veittur stuðningur og hvatning við að efla íslensku samhliða móðurmáli þeirra.
- Að stuðlað sé að samstarfi við Víkurskóla og tónlistarskóla þannig að börnin upplifi samfellu í námi.

### Áhersla og leiðir:

Við á Mánalandi leggjum ríka áherslu á samskipti, markvissa málrækt, fjölbreyttar aðferðir í kennslu og leik og síðast en ekki síst á frelsi til að skapa nýjar leiðir í að miðla tungumáli til barnanna.

Lögð verður sérstök áhersla á að efla aðgengi að íslensku og að stuðlað sé að aukinni íslenskukunnáttu meðal starfsfólks með erlendan bakgrunn með því að efla starfstengda íslenskukennslu og talþjálfun samhliða starfi. Áhersla verði lögð á starfstengdan orðaforða á einstaklingsmiðaðan og sveigjanlegan hátt.

### **Samskipti:**

Í upphafi leikskólagöngu þurfa börn að finna fyrir öryggi, sérstaklega þau börn sem koma til okkar með annað móðurmál en íslensku. Við teljum að samskipti séu okkar sterkasta tæki til að mæta börnum og miðla bæði vellíðan og tungumáli. Við leggjum ríka áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti milli fullorðinna og barna, og viljum vinna af fullum krafti við að styðja slík samskipti milli barna. Mikilvægt er að kortleggja og skilgreina bæði hvað við teljum vera viðeigandi og uppbyggileg samskipti eða óæskileg og niðurlægjandi samskipti. Hér á eftir verður farið yfir þau atriði sem við teljum vera í okkar „verkahring“ að leggjja áherslu á í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsmenn.

### **Jákvæð samskipti almennt –**

Við notum eftirfarandi hugtök og hugmyndir sem leiðarljós í því að stuðla að jákvæðum samskiptum á Mánalandi: Heiðarleika, hreinskilni, virðingu, að það sé hlustað á einstaklinginn, og hugsað um það sem sagt er. Við leitumst eftir að auka gleði í samskiptum okkar, ásamt að sýna nærgætni, að vera fyrirmynd, sýna hvert öðru sameiginlegan áhuga, að geta sett okkur í spor annarra, sýnt jákvæðni, gagnvirkni, traust, lausnaleit, kennt öðrum og lært. Ásamt að hugsa sig tvisvar um áður en orð eru látin falla, að hugað sé að þörfum hvers og eins, hlustað á hugmyndir annarra, upplýsingaflæði sé viðhaft, að allir bjóði góðan daginn og segi bless, ræði um líðan og tilfinningar, að léttlyndi sé við lýði, skýr skilaboð, að viðkomandi átti sig á að samskipti hafa áhrif á líðan annarra, og að við eigum öll gildi sem endurspeglast í samskiptum við aðra.

### **Samskipti sérstaklega við börn -**

Við notum eftirfarandi hugtök og hugmyndir sem leiðarljós í því að stuðla sérstaklega að jákvæðum samskiptum við börn á Mánalandi. Með því að sýna traust, virðingu, með opnum samskiptum, að fólk hafi mismunandi þarfir og góðum samskiptum við foreldra. Við styrkjum jákvæða hegðun, mætum hverjum og einum einstaklingi eins og hann er, hlustum og heyrum, erum jákvæð, glaðlynd, ræðum saman um reglur/hegðun við ákveðnar aðstæður, sýnum áhuga á því sem börnin segja og gera, sýnum að við hlustum og hrósum börnunum, leyfum ekki hegðun barnanna að hafa áhrif á samskipti, mætum aldrei barni með fordómum, gefum börnum tækifæri til að tjá sig skiljanlega, tökum ekki af þeim orðið og tölum ekki fyrir þau.

### **Vináttuverkefnið Blær –**

Mikilvæg aðferð til að tryggja góð samskipti er vináttuverkefni Barnaheilla, Blær, sem forvarnaverkefni gegn einelti. Vinátta byggir á rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir vináttaverkefnið á raunhæfum verkefnum fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu forvarnaverkefni er grundvöllur þess að vel til takist. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur tileinki sér þessi grunnildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins. Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því. Hugmyndin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

- **Umburðarlyndi:** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og koma fram við alla aðra af virðingu.
- **Virðing:** Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileika innan hópsins.
- **Umhyggja:** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- **Hugrekki:** Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

## **Grunnþættir í bernskulæsi:**

Á Mánalandi er okkur mikilvægt að unnið sé markvisst að því að efla færni hjá hverjum og einum, með því að taka tillit til þess að börn þroskist og tileinki sér nýja færni og þekkingu mishratt. Þeir þættir sem um er að ræða eru: orðaforði, málskilningur, hljóðkerfisvitund, þekking á bókstöfum, umskráning og ritun. Við notum fagáætlun sem deildarstjórar fá í hendur í upphafi árs. Í fagáætlun er starf deildarstarfsfólks skilgreint með sérstökum áherslupáttum. Fagáætlun er áskorun til starfsfólks um að vinna markvisst með málörvun sem tengist grunnþáttum bernskulæsis í gegnum allt starfið. Hún er einnig rammi sem notaður er til að skilgreina hlutverk starfsfólks tengdu málrækt og stuðla að alhliðaproska almennt í gegnum allt starfið. Við teljum að slík áætlun tryggi það að starfsfólkið sýni fagleg vinnubrögð og geti betur metið hvar hvert barn er statt varðandi máltöku og málrækt.

### **Máni 15 mánaða til 3 ára**

Á Mána er aðaláhersla lögð á að efla orðaforða og málskilning ásamt frásagnarhæfni. Starfsfólk vinnur bókstaflega á gólfinu og í hæð barnanna til að tryggja nærveru og öryggi. Við teljum að þegar starfsmaður er í hæð barnanna séu öll tækifæri nýtt til að miðla tungumáli og vellíðan. Hér fyrir neðan er fagáætlun sem starfsfólk á Mána starfar eftir. Hér viljum við taka fram að málrækt fer fram í öllu starfinu en við skilgreinum einnig málörvun sem áherslupátt í starfinu.

#### *Áherslupættir:*

- **Tónlist:**
  - Dýpka vinnu með tónlist, leggja markvisst inn ný lög og útfæra þau á lýsandi og fjölbreyttan hátt svo að börn bæti við orðaforðann og efli málskilning.
  - Leyfa börnum að hafa aðgang að hljóðfærum til að gera tilraunir og leika sér með hljóð. Skapa tækifæri að börn heyri og greini muninn á hljóðum og samhliða að þau hermi eftir takti og hljóðmynstri.
- **Skynjunarleikur:**
  - Flétta skynjunarleik inn í daglegt starf og tengja málörvun inn í það (nota hugtök eins og yfir – undir, heitt – kalt, lítill – stór, mjúkt – hart o.s.frv.) Börnunum er boðið upp á einingakubba í þeim tilgangi að þau handfjatli kubba og skynji hvernig hægt er að notast við kubba í leik. Starfsfólk leggur inn orð í kubbaleiknum og í þeim leik sem fram fer í einingakubbunum.
- **Könnunarleikur:**
  - Efla orðaforða og skilning barns á hugtökum út frá áhuga barnanna. Innleiða myndræna skráningu (efla frásagnir barna)
- **Auka markvissa málörvunarstund: – Í hvíld, eftir hádegismat eða eftir kaffi.**

- Vinna markvisst með bækur og spil í málörvun.
- Velja bækur í samræmi við orðaflokka.
- Tengja orðaflokka og bækur við umhverfi deildarinnar eins og myndir í hæð barna, loðtöflusögur o.fl.
- **Hreyfing:**
  - Vinna markvisst með vettvangsferðir. Áhersla lögð á upplifun, skynjun, náttúru, sköpun, setja orð á það sem við sjáum og upplifum. Öllum börnum skipt í litla hópa, a.m.k. 1x í viku í farið í göngutúr í útiveru fyrir hádegi.
  - Setja upp þrautabraut í íþróttasal þar sem boðið er upp á fjölbreytt tæki og efnivið (bolta, grjónapoka, hringi, limbó, ormur...) setja orð á líkamshluti, ýmis hugtök og efniviður.
  - Fara í hreyfileiki sem krefjast samskipta milli fullorðinna/barns og milli barnanna sjálfra, til að virkja hlustun og að fylgja fyrirmælum.
- **Útivera:**
  - Vera markvisst með börnum í leik í útiveru. Velja leiki sem krefjast þess að börn hlusti og fylgi fyrirmælum. Tala við börn og leggja rækt í að stuðla að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum og lausnaleit milli barna í frjálsum leik í útiveru.
- **Sköpun:**
  - Tengist skynjunarleik. Vinna með sköpun á fjölbreyttan hátt bæði úti og inni. Setja orð á efnivið og tengd hugtök. Mikilvægt að gefa börnum tækifæri til að túlka og setja sín eigin orð á það sem barnið er að skapa.
  - Nota fjölbreyttan efnivið og ekki takmarka aðstæður þar sem sköpun fer fram.
  - Vinna marvisst með form, tölur, stafi og liti í sköpunartíma.
- **Hlutverkaleikur:**
  - Efla félagsleg tengsl, ímyndunarafl og málörvun. Starfsmaður er með börnum í hlutverkaleik sem virkur þátttakandi og nýtir öll tækifæri sem gefast til að setja orð á athafnir og hluti ásamt að hvetja börnin til að segja frá því sem þau eru að gera og hugsá.
  - Innleiða markvissa vinnu með einingakubba – að börnin læri að umgangast kubbana af virðingu, og læri heitin á bæði kubbunum og því sem barn byggir úr þeim.
- **Spjaldtölvur og tækni:**
  - Starfsfólk byrjar að kynna börnin fyrir spjaldtölvunotkun með því að vinna með 2-3 börnum í einu (eins fá og hægt er). Starfsmaður hjálpar barninu að handfjatla tækið, leyfir því að búa til myndband og taka myndir af sjálfu sér. Starfsfólk notar „app“ sem tengist aldri barns í þeim tilgangi að leggja inn orð og tengja þau við það sem verið er að vinna með í orðaflokkunum (t.d. þegar unnið er með orðaflokk, þá geta börnin sjálf unnið með spjaldtölvuna og flett upp þeim orðaflokkum sem verið er að vinna með og fundið myndir til að setja í samhengi við orðaflokkana hverju sinni).
  - Ýmis tækni notuð til að stuðla að virkri hlustun, til að efla einbeitingu, gagnrýna hugsun og sköpun (sem dæmi ljósaborð, grunnforritunartæki, makey makey og fleiri).

### Stjarna 3ja til 5 ára

Á Stjörnu er lögð áhersla á að halda áfram að byggja ofan á orðaforða og málskilning. Við tökum stærri skrefin í að efla hljóðkerfisvitund og ritun með markvissum hætti. Umhverfið á Stjörnu endurspeglar þá orðaflokka sem unnið er með bæði í myndum og orðum. Leikefnið á sömuleiðis að tengjast þeim og hvetja börnin til þess að kanna orðin og tungumálið. Komið verður upp stafakróknum þar sem börn hafa aðgang að sýnilegum orðum og myndum sem tengjast orðaflokkunum eða þeim stöfum sem verið er að vinna með á hverjum tímum. Ásamt alls kyns áþreifanlegum efnivið til að vekja áhuga barnsins á ritmáli og ýta undir áhuga þeirra á ritun.

#### Áhersluþættir:

- **Málörvun:**

- Unnið er markvisst með að efla orðaforða og málskilning í hópastarfi með sköpun þar sem notast er við bækur og spil sem tengjast orðaflokkum.
- Flétta orðaspjall inn í daglegt starf, í 4 vikur, þar sem ákveðið orð er lagt inn.
- Vinna með lærum og leikum með hljóðin í samveru með börnum.
- Starfsfólk á að vinna mikið með fjölbreytt spil. Tækifæri gefast í spilum til þess að vinna í fámennum hóp þar sem starfsfólk miðlar ýmsum hugtökum og leiðsögn til barnanna. Starfsfólk fær einnig tækifæri til að meta málskilning hjá börnum í spilum. Þá þurfa börnin að fylgja fyrirmælum, fara eftir reglum og eiga í samskiptum við önnur börn.
- Í samverustund og hópastarfi er stuðst við eftirfarandi námsefni: Markvissa málörvun, Orð af orði, Sögugrunn, Tölum saman, Orðagull, Lærum og leikum með hljóðum, Lubbi finnur málbein og bækur af öllum stærðum og gerðum.

- **Tónlist:**

- Leggja inn ný lög sem tengjast orðaflokkum hverju sinni.
- Hvetja börn til að leika með í rýmum.
- Vinna markvisst með hljóðmyndun í söng.
- Vinna markvisst með hljóðfæri.

- **Hreyfing :**

- Vettvangsferðir eru stór hluti af daglegu starfi á Stjörnu og áhersla er lögð á að fara í vettvangsferðir í hópastarfi, flæði og eftir hádegi í útiveru. Nærumhverfi leikskólans er stór hluti af okkar vettvangsferðum þar sem við förum í leiki, upplifum og skynjum náttúruna sem er uppspretta sköpunar. Í vettvangsferðum læra börnin að varast hættur í umferðinni. Í útikennslu eru mörg tækifæri til að kenna börnum ný orð, en einnig viljum við að starfsfólk vinni í að efla frásagnarhæfni barna með því að vinna úr vettvangsferðunum þegar heim er komið, t.d. með því að tjá upplifun sína með myndum og orðum. Taka myndir í ferðinni og varpa á skjáinn inni á sal og gefa börnunum tækifæri til að lýsa því sem fram fer á myndunum.
- Íþróttir – Þjóða börnunum upp á leiki með reglum þar sem kröfur eru gerðar til þeirra að fylgja eftir fyrirmælum, bæði einföldum og flóknari. Leggja inn orð tengdum líkamshreyfingu, í íþróttasalnum, og gefa börnunum skýr fyrirmæli sem þau fylgja eftir í gegnum hreyfingu og keppnisleiki. Sem stuðlar jafnframt að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum, til dæmis þegar börn mæta áskorunum sem kunna að spretta upp í íþróttatengdum leik og í keppni.
- Útivera – vera markvisst með börnum í leik og leikjum í útiveru, leikir með reglum í garðinum hjá okkur hafa sama gildi og þegar farið er í íþróttir.

- **Einingakubbar:**
  - Unnið er markvisst með einingakubba í tengslum við orðflokka, í hópstarfi og frjálsum leik í flæði. Starfsmenn eru virkir í leik með börnunum. Á Stjörnu eru allar tegundir af kubbum í boði og er mikilvægt að starfsmaður noti hvert tækifæri til að kenna börnum nöfn á kubbum og að hann leggi inn ýmis hugtök samhliða því.
- **Sköpun:**
  - Unnið er með sköpun í flæði, hópstarfi og daglegu starfi. Einnig í vettvangsferðum. Vinna þarf með sköpun á fjölbreyttan hátt bæði inni og úti. Áskorun til starfsfólks er að finna leið til þess að vinna með málörvun í tengslum við sköpun. Starfsmenn eru hvattir til þess að muna að markmiðið er alltaf að skapa nýjar leiðir í starfinu með börnum. Við byrjum að leggja áherslu á ritun í tengslum við myndlist og bjóðum börnum upp á „stafakrókinn“ í fyrsta skiptið.
  - Stafakrókurinn er staður þar sem börn fá að tileinka sér og leika sér með ritmál. Í stafakróknum eru ritföng, blöð, tússtafla, bæklingar, nöfn allra barna, kubbar með stöfum, stafir til að þræða með, seglastafir og ýmsar aðrar útfærslur á stöfum og ritmáli. Stafakrókurinn er hugsaður sem svæði fyrir börn til að uppgötva og tileinka sér eigin hugmyndir og prófa sig áfram með ritmál. Starfsmenn eru ekki að stýra hvað börn geri þar fyrir utan en setja reglur um notkun skriffæra og varðandi annan efnivið sem stendur börnum til boða.
- **Spjaldtölvur:**
  - Eru notaðar í flæði, hópstarfi til málörvunar og sköpunar. Starfsmaður vinnur með hámark fjögur börn í einu. Spjaldtölvur bjóða upp á fjölbreyttar leiðir til málörvunar og sköpunar.
- **Vísindi:**
  - Í flæði og hópstarfi. Unnið er með ljós og skugga, segla o.fl. með það í huga að börn séu gædd meðfæddri forvitni og eru þau hvött til þess að uppgötva. Starfsmenn eru hvattir til að nota náttúrulegan efnivið í vísindastarfi inn á leikskóladeild. Þar með er stuðlað að meðfæddri forvitni barna og þörf til að læra. Starfsmaður ber ábyrgð á að leggja inn ýmis orð og hugtök í tengslum við efnivið og viðfangsefni.

### **Væntanleg deild 5-6 ára barna (nú er forskóli í umsjón Víkurskóla)**

Í dag er starfsemi 5-6 ára barna í umsjón kennara á vegum Víkurskóla. Í haust verður lögð rækt við að tengja forskóla sterkar við leikskólastarfsemi vegna undirbúnings við væntanlegan flutning í nýjan leikskóla í desember.

Á elstu deild leikskólans er áfram lögð áhersla á að efla orðaforða og málskilning. Við tókum skrefið lengra í málrækt og einblínum enn frekar á frásagnarhæfni með markvissri áherslu á setningagerð, hljóðkerfisvitund og umskráningu, markvisst er unnið með ritmál og stafabekkingu. Starfsfólk á elstu deild leikskólans notar öll tækifæri í starfi með börnum til að vinna með þá þætti sem taldir voru upp hér að ofan bæði í skipulögðum stundum og frjálsum leik. Þegar rætt er um skipulagðar stundir er verið að fjalla um þegar starfsmaður leggur inn viðfangsefni og leiðsögn sem barn síðan framkvæmir á sinn



hátt og með sínum hugmyndum. Rík áhersla er lögð á samstarf við Víkurskóla í þeim tilgangi að börnin upplifi samfelld nám og hefji skólagönguna sem sterkir einstaklingar.

#### Áhersluþættir:

- **Tónlist:**
  - Velja lög sem tengjast orðaflokkum hverju sinni – tengja það könnunaraðferð, t.d. kryfja lagið og vinna með það í sköpun/ aðstoðarleikskólastjóri veitir stuðning og ráðgjöf.
- **Markviss málörvun:**
  - Hópastarf/könnunaraðferð. Orðaspjall. Unnið er markvisst með alla þætti bernskulæsis. Mikilvægt er að starfsmenn elstu deilda skrái vel og haldi utan um framfarir barna. Elsta deild á í auknu samstarfi við Víkurskóla, hægt er að læra af kennurum og aðferðum sem eru notaðar þar, til dæmis hvað stafabekkingu, ritfærni, umskráningu og hljóðkerfisvitund varða. Námsefni sem unnið er oftast með á elstu deild eru: Markviss málörvun, Orð af orði, Sögugrunnur, Lubbi leikur með málbein, ýmsar og fjölbreyttar bækur, flóknari spil sem krefjast jákvæðra samskipta og samvinnu, ljóð og sögugerð, leiklist og önnur markviss vinna með notkun tungumáls sem skilar afurð sem er áþreifanleg.
- **Einingakubbar:**
  - Efla sköpun og ritun í leik með einingakubba. Einingakubbastarf þarf að minnsta kosti að fara fram 2 – 3 sinnum í viku fyrir hvert barn.
- **Spjaldtölvur:**
  - Í flæði, hópastarfi og orðaspjalli. Á elstu deild viljum við sjá frekari vinnu með verkefni á spjaldtölvum sem tengjast frásögnum og sköpun barna. Til dæmis má nefna forrit eins og Puppet Pals eða Little Book Maker þar sem börn búa til setningar og sögur í tengslum við myndir.
- **Samstarf við Víkurskóla:**
  - Unnið að því að koma upp markvissri áætlun um samstarf við Víkurskóla frá upphafi árs þar til börn „útskrifast“ hjá okkur á Mánalandi.

#### Tillögur um samstarf:

- *Börn fara í ýmiss konar og fjölbreyttar heimsóknir og bekkjarstundir í Víkurskóla einnig á frístundarheimilið. Einnig tökum við vel á móti börnum í 1. bekk Víkurskóla hjá okkur á Mánalandi nokkrum sinnum á árinu.*
- *Dagur íslenskrar tungu fer fram í Víkurskóla ásamt grunnskólanemendum.*
- *Deildarstjóri elstu deildar og kennarar 1. bekkjar í Víkurskóla hittast á fundum þar sem ræddar eru leiðir til að efla samstarf og starfsaðferðir. Þeir fá að heimsækja samstarfsaðila í kennslustofunni í þeim tilgangi að skilja betur starfið og hvernig unnið er með börn í báðum skólum.*
- *Söngbók er útbúin í samstarfi með sameiginlegum lögum þar sem börn bæði á elstu deild leikskóla og í 1. bekk Víkurskóla vinna saman með lögum.*

- Útskrift leikskóla fer fram í hátíðarsal Víkurskóla.
- **Hreyfing:**
  - Íþróttir í íþróttahúsi.
  - Útivera – vera markvisst með börnum í leik og leikjum í útiveru.
  - Vettvangsferðir eru stór hluti af daglegu starfi á elstu deild. Tengja þarf sérstaklega könnunaraðferð, orðaflokka og annað starf.
- **Stærðfræði og vísindi:**
  - Talnagildi – Form – Rýmisgreind: Mikilvægt er að efla orðaforða tengdum stærðfræði og vinna markvisst með hann til að efla málskilning í tengslum við talnagildi, form og rýmisgreind. Þar sem elstu börn leikskólans hefja nám í þessu viðfangsefni við upphaf skólagöngu.
  - Sköpun er stór hluti af starfsemi á elstu deild leikskólans. Börn á þessu stigi leikskólans hafa verið að byggja orðaforðann markvisst upp í 3-4 ár. Gegnum sköpun fá börn tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, upplifun og hugsanir og þar með eykst líka málskilningur í gegnum þau verkefni sem börnin framkvæma. Á þann hátt metum við framfarir í máltöku. Starfsfólk er hvatt til að flétta sköpun inn í könnunaraðferðina.
  - Sköpun í flæði, vettvangsferðum og daglegu starfi.
  - Rík áhersla er lögð á ritun og hún tengd inn í sköpun svo að börn upplifi ekki „þrýsting“ við að læra að skrifa nafn sitt. Börn upplifa náttúrulegt ferli tengt mynd- og ritmáli.

## **Orðaflokkar skólaárið 2023– 2024**

Á Mánalandi höfum við ákveðið að vinna með átta orðaflokka. Það er mikilvægt að börn byggi upp góðan grunn hvað orðaforða varðar, við teljum að með því að vinna með ákveðna orðaflokka verði vinna starfsmanna á Mánalandi markvissari. Orðaflokkar eru hugsaðir út frá barninu og eru uppbyggilegir. Hvern flokk er unnið með í u.þ.b. sex vikur í senn. Deildarstjórar velja orð, bækur, söng, vettvangsferðir, myndir, spil og ýmis viðfangsefni til að vinna með. Áætlað er að börn „syndi í orðasjó“ og fullorðnir noti fjölbreyttar leiðir og kennsluáðferðir til þess að miðla til barna. Hægt væri að líkja slíkum vinnubrögðum við hefðbundna „þemavinnu“, en markmiðið er að einblína á að rækta málþroska og máltöku barnanna með því að leggja áherslu á ákveðinn orðaflokk. Við byrjum alltaf nær börnunum og flytjum okkur lengur út í veröld þeirra. Undir hvern orðaflokk eru nokkrir valmöguleikar fyrir deildarstjóra að velja úr. Til dæmis í upphafi árs fá yngstu börnin að vinna með orð um sjálfa sig (líkamshluti og lýsingu á sjálfu sér, háralit, auga). Börn sem eru lengra komin vinna með orð tengd fjölskyldu, fjölskyldugerð, fjölskyldusiði og áfram má telja. Þau börn sem eru enn lengra komin, eða eru búin að vinna með fjölskylduna (oftast elsta deild) fá að vinna með heimili og allt tengt því bæði innan sem utandyra. Þar sem börn læra á misjafnan hátt og mishratt. Unnið er á mjög fjölbreyttan hátt og tryggt er að ef barn er ekki komið með grunnkilning á orðaflokknum sem verið er að vinna með er hægt að flétta inn og fjalla um orðið frá grunni. Ef börn eru ekki tekin úr hópi eða gefið sérverkefni heldur starfsmaður áfram að vinna með orðaflokkinn og vinnur náði við að tryggja að markviss áhersla sé lögð á orð sem vantar og að tengja það starfseminni. Til dæmis ef barn er ekki komið með góðan grunn í orðum tengdu því sjálfu, þó að deildin sé að vinna með til dæmis heimili, þá er alltaf hægt að tengja og flétta inn vinnu við þau orð, þar sem orðaflokkurinn er breiður, og barnið mun ekki finna fyrir því.

<b>4. sept-13.okt.</b>	<b>16.okt.-24.nóv.</b>	<b>27.nóv.- 22.des.</b>	<b>8.jan.-15.febrúar</b>
Ég sjálf/ur	Tilfinningar	Sköpun	Heilbrigði
Fjölskyldan	Skynjun	Jólaverkstæði	Hreyfing
Heimili	Boðskipti	Jólagjafir og tilheyrandi	Matur
	Vinir	Jólasöngvar	Tannvernd
		Jólasögur	Tannverndarvika

<b>19.feb.- 27. mars</b>	<b>Apríl</b>	<b>Maí</b>	<b>Júní</b>
Barnamenning	Umhverfi	Dýr	Sund ??
Ævintýri	Náttúra	Sveitin	Vettvangsferðir
Leikir og leikföng		Sveitaferð	

Deildarstjórar: Sjá um undirbúningsvinnu fyrir deildina eins og að vinna mánaðarlega áætlun, velja lög (samþykkt af leikskólastjóra), tengja viðfangsefni sköpun, vettvangsferðum, einingakubbum, hreyfingu, málörvun.

### Fræðsla og símenntun til starfsmanna:

Leikskólastarfið er lifandi þar sem starfsmenn koma og fara, barnahópurinn er síbreytilegur og þarfir tengdar honum. Einnig á sér stað alltaf þróun í menntakerfinu, ný stefna frá menntamálaráðuneyti, menntastofnun og sveitarfélagi þar sem áhersla er lögð á nýjar kennsluaðferðir og leiðir í menntun barna. Mikilvægt er að halda starfsmönnum upplýstum, menntuðum og jafnvel áhugasömum hvað málþróun og máltöku varða. Stjórnendur Mánalands vilja tryggja að skólinn sé framsækinn og sífellt í þróun. Við viljum einnig tryggja það að starfsmenn okkar séu öruggir og skilji vel hlutverk sitt og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Til þess að tryggja slíkt á hverju ári er gerð áætlun þar sem stjórnendur kortleggja hvaða fræðsla muni best styðja við slíka þróun og starfsmenn. Hér fyrir neðan er tillaga að símenntun sem framkvæmd var fyrir árið 2023-24.

### Skipulagsdagar

- Hópefli, skilgreining á starfi næsta skólaárs, áhersluþættir og fagáætlun kynnt.
- Jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn, upprifjun á vináttuverkefni og aðferðum á vegum Barnaheilla.
- Skyndihjálparnámskeið og e.h. Jákvæð aga og skipulagsstarfsemi.
- Lýsandi málörvun með tónlist og bækur Birte Harkensen.
- Málörvun með notkun spila og orðaspjallsaðferða, málörvun með bókum og sögum.
- Íslenskukennsla fyrir starfsfólk Mánalands og heildarnálgun um íslenskt málumhverfi þróuð.

Við teljum fyrst og fremst að skráningar séu besta leiðin til þess að framkvæma „símat“ í starfinu þar sem starfsfólk er sífellt að ígrunda það sem fer fram milli sín og barnanna. Það er stöðugt að meta og rýna í framfarir hvað málþroska og þróun hans varðar. Við höfum tileinkað okkur þau vinnubrögð á Mánalandi að starfsfólk sé alltaf bókstaflega á gólfinu með börnunum til að eiga góð samskipti við börnin og koma auga á hvort börnin séu að meðtaka íslenska tungu. Ef við verðum vör við að barn eigi í vandræðum með máltöku er gripið til viðeigandi ráðstafana.

Málþroskaþróf sem slík eru ekki notuð á Mánalandi nema þegar við komum auga á að litlar framfarir hafi orðið hjá barni og þá er stuðst við skimunarþróf og leitað til skólalápnustu vegna faglegrar

greiningar. Þegar við undirbúum foreldrasamtöl að vori meta deildarstjórar orðaforða, málskilning, hlustun og hljóðkerfisvitund hjá börnum.

Hvað læsisáætlun sem slíka varðar þá er það okkar áætlun að meta hana ár hvert, bæði að hausti og vori. Í byrjun skólaárs að hausti eru yfirfarin markmið og áherslupættir í starfinu, efniviður og viðfangsefni. Síðan á vorönn munum við meta stefnuna ýtarlega, þar sem við sjáum hvað hefur gengið vel og hvað ekki og af hverju það gekk ekki vel, síðan eru sett fram drög sem innihalda leiðir til úrbóta við niðurstöður.

## **Móðurmál, foreldrasamstarf og virkt tvítýngi**

Rannsóknir hafa sýnt og sannað að þegar máltaka annars máls hefst á eftir máltöku hins málsins, hjá börnum sem ekki hafa góða undirstöðu í móðurmáli og því ekki viðhaldið, hefur það neikvæð áhrif á þróun málþroska og sérstaklega þróun læsis sem aftur leiðir til erfiðleika í námi. Við viljum gera allt sem við getum til þess að tryggja það að börn á Mánalandi með annað móðurmál en íslensku sé veittur sá stuðningur sem til þarf við málrækt á báðum tungumálum. Máltaka tveggja tungumála samtímis leiðir til tvítýngis. Skilgreiningar á tvítýngi eru jafn misjafnar og þær eru margar en sú skilgreining sem við veljum vinna með er að nota orðið fjöltyngd börn yfir þau börn sem hafa tvö eða fleiri tungumál á valdi sínu. En færnin í hvoru tungumáli fyrir sig getur verið mismunandi. Ef barn lærir tvö eða fleiri mál samtímis, en einungis ef tungumálin eru notuð reglulega og nægilegt innlegg kemur frá málumhverfinu, er talað um virkt tvítýngi.

Markviss vinna með fjöltyngd börn á Mánalandi mun taka mið af [„Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“](#) gefið út af Menntamálastofnun árið 2021. Hæfnirömmun „er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Hæfnirammarnir voru unnir samhliða endurskoðun aðalnámskrár leikskóla fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gerð var með tilliti til námsþarfa barnahópsins. Tekið er mið af mótun menntastefnu til ársins 2030 en þar er lögð áhersla á að veita framúrskarandi menntun með þekkingu, hugrekki og hamingju að leiðarljósi í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært“ (Halldóra Sigryggsdóttir, Saga Stephensen, Þorbjörg Halldórsdóttir, Sigríður Olafsdóttir, 2021).

Þar sem við höfum takmarkaðan aðgang og þekkingu á flestum málum sem eru töluð meðal barnanna á Mánalandi teljum við að okkar sterkasta sóknarfæri sé samstarf við foreldra. Við styðjum við þeirra hlutverk sem málfyrirmyndir og málamiðlara. Við viljum einnig hvetja foreldra til þess að vera sjálf virkir hvað tvítýngi varðar og styðja við að þeir fái tækifæri til þess að öðlast betri íslenskukunnáttu á meðan börn þeirra dvelja hjá okkur. Það verður gert með:

- Fræðslu, leiðsögn og samtölum við foreldra bæði um mikilvægi móðurmáls og með hagnýtum aðferðum við málörvun í daglegum samskiptum við börn.
- Markvissri notkun hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla í starfi við þau á leikskólanum.
- Notkun túlka bæði fyrir foreldra og börn þegar þörf er á, til þess að tryggja að enginn misskilningur eigi sér stað um upplýsingagjöf og til að virða rétt allra til samtala sem gagnast báðum aðilum.
- Íslenskunámskeiði fyrir foreldra á vegum leikskólans.
- Málörvunarbakpoka sem fer á milli heimilis og skóla til þess að tryggja góðar málörvunarvenjur á heimili og samfellda málörvun milli heimili og skólans.
- Þýðingu á eins miklum upplýsingum og hægt er.

- „Handriti“ og orðaforðasafni fyrir starfsmenn með leikskólastarfsemi, þroska barna, foreldrasamskipti og annað í huga sem varða dagleg samskipti á íslensku.
- Því að börnum sé leyft að tala sitt móðurmál á milli við allar aðstæður. Að einhverjir séu virkjaðir í að miðla upplýsingum sem tala sama móðurmál til þeirra barna sem eru kannski ekki komin eins langt og þau hvað íslensku varðar.
- Því að virkja starfsfólk leikskólans sem talar sama móðurmál og börnin að vinna markvisst með móðurmál þeirra samhliða íslensku.
- Því að leita leiða til að nota upplýsingatæki í leikskólanum í tengslum við móðurmálsörvun.

Nichole Leigh Mosty

Nichole Leigh Mosty, leikskólastjóri

Vík 9. Júní 2023

Vík í Mýrdal, júní 2023

## Heimildaskrá

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt af

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola>

Mennamálastofnun. (2021). *Hæfniræmmar í íslensku fyrir fjölskygð börn í leikskóla*. Sótt af

<https://mms.is/frettir/haefniræmmar-i-islensku-fyrir-fjolyngd-born-i-leikskola>